

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 1. nóvember 2013 í máli nr. E-3109/2012:

Óskar Þór Sævarsson

(Jónas Haraldsson hdl.)

gegn

Johan Rönning hf.

(Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.)

Mál þetta sem dómtekið var 24. október 2013 var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 14. september 2012 af Óskari Þór Sævarssyni, Úlfarsbraut 32, Reykjavík á hendur Johan Rönning hf., Klettagörðum 25, Reykjavík.

Kröfur aðila

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 1.321.514 krónur, auk dráttarvaxta skv. III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. apríl 2012 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu að teknu tilliti til þess, að stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Að auki krefst stefndi málskostnaðar að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Atvik máls

Stefnandi var ráðinn til starfa hjá stefnda með ráðningarsamningi dagsettum 23. apríl 2010. Starfssvið hans var samkvæmt ráðningarsamningnum skilgreint sem söluráðgjöf hjá Sindra Viðarhöfða sem er rekstrareining í eigu stefnda. Samkvæmt ráðningarsamningnum var gagnkvæmur uppsagnarfrestur þrjú mánuðir. Með bréfi, dagsettu 29. desember 2011, var stefnda sagt upp störfum hjá stefnda með

umsömdum þriggja mánaða uppsagnarfresti frá og með 31. desember 2011. Ástæður uppsagnarinnar voru tilgreindar sem trúnaðarrestur. Var stefnanda jafnframt tilkynnt að ekki væri óskað eftir vinnuframlagi hans á uppsagnarfrestinum. Hinn 1. febrúar 2012 greiddi stefndi stefnanda laun fyrir janúarmánuð. Stefndi hefur hins vegar ekki greitt honum laun fyrir febrúar eða mars. Með tölvubréfi, 5. mars 2012, krafði stéttarfélag stefnanda, VM Félag vélstjóra og málmæknimanna, stefnda um meint vangreidd laun í uppsagnarfresti auk óuppgerðs orlofs og desemberuppbótar. Á tímabilinu 5. mars til 18. maí 2012 gengu allmörg tölvubréf milli stéttarfélags stefnanda og stefnda um rétt stefnanda til launa í framangreindum uppsagnarfesti, án þess að samkomulag næðist. Var því haldið fram af stefnda í tölvubréfi 5. mars að fyrir lægi að stefnandi væri þegar kominn með vinnu hjá RE/MAX Senter og ætti því ekki rétt til frekari launagreiðslna í uppsagnarfrestinum. Sú skoðun stefnda var ítrekuð í tölvubréfi 16. maí auk þess sem vísað var til þess að þær ástæður sem að baki uppsögn stefnanda hafi legið hafi leitt til þess að réttur hans til launa í uppsagnarfresti hefði fallið niður. Með bréfi, 23. maí 2012, krafði lögmaður stefnanda stefnda um greiðslu meintra vangreiddra launa í uppsagnarfesti. Í bréfinu er því hafnað að réttur stefnanda til launa hafi falli niður vegna þeirra ástæðna sem stefndi telji að legið hafi til grundvallar uppsögn hans enda hafi honum verið sagt upp störfum en ekki vikið úr starfi. Þá hafi stefnandi ekki haft neinar tekjur hjá öðrum í uppsagnarfrestinum. Með bréfi, 2. nóvember 2012, kærði stefndi stefnanda til embættis sérstaks saksóknara fyrir meint brot á 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, fyrir að misnota aðstöðu sína sem sölumaður hjá stefnda með því að veita afslætti af vörum hjá fyrirtækinu gegn því að fá sjálfur sérstakan afslátt við kaup á fasteign. Fyrir liggur að embætti sérstaks saksóknara hefur ekki talið tilefni til rannsóknar á kæruefninu. Í máli þessu greinir aðila á um rétt stefnanda til launa í uppsagnarfresti. Af hálfu stefnda er því haldið fram að réttur stefnanda til launa sé niður fallinn vegna launa sem hann hafi þegið í uppsagnarfrestinum frá þriðja aðila auk þess sem réttur til frekari launa hafi fallið niður vegna þeirra ástæðna sem að baki uppsögn stefnanda hafi legið.

Málsástæður stefnanda og tilvísun til réttarheimilda

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur stefnda um eftirstöðvar launa í þriggja mánaða uppsagnarfresti á eftirfarandi. Stefndi hafi sagt stefnanda upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara, en ekki vikið honum úr starfi. Þá hafi stefndi leyst stefnanda undan starfsskyldum á uppsagnarfrestinum. Ekki hafi verið áskilið af hálfu stefnda, að stefnandi mætti ekki hefja störf annars staðar á uppsagnarfrestinum. Hafi stefnandi gert það. Það eitt og sér stöðvi ekki greiðsluskyldu stefnda, heldur heimili stefnda að draga frá launagreiðslum í uppsagnarfresti þær tekjur, sem stefnandi kunni að hafa aflað sér á sama tíma hjá öðrum atvinnurekanda. Stefndi hafi hins vegar engar slíkar tekjur haft, eins og fram komi á fyrirliggjandi upplýsingum úr staðgreiðsluskrá. Beri því stefnanda samkvæmt framansögðu að greiða stefnanda eftirstöðvar launa í þriggja mánaða uppsagnarfresti. Stefndi hafi greitt stefnanda laun vegna janúar 2012 og hafi því í raun viðurkennt greiðsluskyldu sína. Dugi honum ekki að ákvarða upp á eigin spýtur hversu mikið eða hve lengi stefnandi skuli eiga rétt á launum í

uppsagnarfresti.

Í fyrirbyggjandi bréfi stéttarfélags stefnanda komi fram eftirfarandi sundurliðun á kröfu stefnanda um vangreidd laun í þriggja mánaða uppsagnarfresti:

Laun fyrir janúarmánuð 2012	kr.	573.375,-
Laun fyrir febrúarmánuð 2012	kr.	573.375,-
Laun fyrir marsmánuð 2012	kr.	573.375,-
Óuppgert orlof – 22 dagar af 24	kr.	525.594,-
Orlofsuppbót	kr.	27.800,-
Desemberuppbót – 13 vikur af 45	kr.	14.589,-
	Samtals	kr. 2.288.108,-
Stefndi greiddi 1. febrúar 2012	kr.	966.594,-
	Eftirstöðvar	kr. 1.321.514,-

Stefnandi byggir kröfur sínar einkum á lögum nr. 55/1980 um starfskjör launþega, lögum nr. 30/1987 um orlof, lögum nr. 19/1979 um rétt launafólks til uppsagnarfrests o.fl. Um dráttarvexti vísist til III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Um málskostnað vísist til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um virðisaukaskatt vísist til laga nr. 50/1988.

Málsástæður stefnda og tilvísun til réttarheimilda

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á þremur málsástæðum. Í fyrsta lagi á þeim grundvelli að krafa stefnanda byggir á óskrifuðu réttarsambandi milli aðila, en stefnandi geti ekki átt slíka kröfu, þar sem til staðar sé skriflegur ráðningarsamningur. Í öðru lagi á þeim grundvelli að stefnandi hafi gerst sekur um svo alvarlegan trúnaðarþrest í starfi sínu gagnvart stefnanda að hann hafi fyrirgert rétti sínum til launa á uppsagnarfresti. Í þriðja lagi að með því að hefja störf hjá öðrum vinnuveitanda hafi stefnandi fyrirgert rétti sínum til frekari launa í uppsagnarfresti en til vara að greiðslur frá nýjum vinnuveitanda eða reiknað endurgjald stefnanda komi þar til frádráttar kröfu stefnanda. Framangreindar málsástæður styðjist við eftirfarandi rök. Stefnandi hafi í máltilbúnaði sínum haldið því fram að ekki hafi verið gerður ráðningarsamningur milli sín og stefnda. Þá krefji stefnandi stefnda um laun í uppsagnarfresti á grundvelli kjarasamnings VM, Félags vélstjóra og málmtæknimanna við Samtök atvinnulífsins. Ljóst sé hins vegar að grundvöllur kröfunnar sé rangur og af þeim sökum krefjist stefndi sýknu af aðalkröfu stefnanda. Stefnandi byggir kröfu sína á óskrifuðu réttarsambandi milli aðila, þrátt fyrir að fyrir hendi sé skriflegur ráðningarsamningur.

Ráðningarsamningurinn grundvalli lögskipti aðilanna og af þeim sökum beri stefnanda að grundvalla kröfu sína á viðkomandi ráðningarsamningi. Slíkt hafi hins vegar farist fyrir og sé því réttargrundvöllur kröfunnar rangur. Jafnframt fari umræddur ráðningarsamningur eftir ákvæðum kjarasamnings VR við FÍS, Félags íslenskra stórkaupmanna, sbr. 7. gr. ráðningarsamningsins. Stefnandi geti því ekki átt kröfu á þeim grundvelli sem lagt sé upp með í stefnu. Á því sé byggt að réttur til launa í uppsagnarfresti falli niður, þegar starfsmaður sýni af sér vítaverða vanrækslu gagnvart vinnuveitanda sínum eða brjóti gegn vinnuveitanda sínum með ámælisverðum hætti. Stefnandi hafi brotið gegn almennum hegningarlögum með því, eins og fram komi í fyrirbyggjandi gögnum, að gefa viðskiptavinum stefnda ríflega afslætti gegn persónulegum ávinningi sínum, sem falist hafi í greiðslu kaupverðs í fasteign. Ljóst sé að afslátturinn, sem stefnandi hafi veitt, hafi farið langt fram úr því umboði sem hann hafi haft. Með þessu hafi stefnandi ætlað að lækka kaupverðið á fasteigninni. Háttsemin hafi farið í bága við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt ákvæðinu sé refsing lögð við umboðssvikum en þar komi fram að ef maður, sem fengið hafi aðstöðu til þess að gera eitthvað misnoti aðstöðu sína, verði það fangelsi allt að tveimur árum. Stefnandi hafi nú þegar kært málið til embættis sérstaks saksóknara. Einnig liggi fyrir að stefnandi hafi valdið stefnda umtalsverðu tjóni með gjörðum sínum. Þar sem ljóst sé að stefnandi hafi brotið gróflega á skyldum sínum gagnvart stefnda, í formi umboðssvika, hafi réttur hans til launa í uppsagnarfresti fallið niður. Af þeim sökum beri að sýkna stefnda. Jafnvel þótt ekki verði fallist á kröfu stefnda um sýknu, á þeim grundvelli að réttur til launa í uppsagnarfresti sé niður fallinn vegna refsiverðra brota í starfi, verði að leggja til grundvallar að þegar stefnandi hafi hafið störf á nýjum vinnustað, hafi réttur hans til launa í uppsagnarfresti fallið niður. Launum í uppsagnarfresti sé í eðli sínu ætlað að brúa bilið meðan launþegar leiti sér að nýjum vinnustað eftir starfslok á öðrum vinnustað. Samkvæmt meginreglum vinnuréttar og dómaframkvæmd Hæstaréttar sé ekki þörf á því að kveða á um það í uppsagnarsamningi að réttur til launa í uppsagnarfresti falli niður, hefji launþegar störf annars staðar. Hafi verið staðfest að þegar launþegi hefji störf á nýjum vinnustað, falli réttur hans til launa í uppsagnarfresti niður. Af þeim sökum beri að sýkna stefnda af kröfu stefnanda en til vara sé á því byggt að slík krafa eigi að koma til frádráttar launakröfu stefnanda en engan slíkan frádrátt sé að finna í málalíbúnaði hans. Óumdeilt sé að stefnandi hafi hafið störf hjá fasteignasölu RE/MAX, 21. janúar 2012. Stefnandi hafi þó haldið því fram að réttur hans til launa í uppsagnarfresti hafi ekki fallið niður í ljósi þess að hann hafi ekki fengið nein laun og vísi í því samhengi til fyrirbyggjandi staðgreiðsluskrár. Sá málalíbúnaður stefnanda standist ekki enda hafi hann sannanlega verið við störf hjá fasteignasölu og hefði því í það minnsta átt að fá laun eða reikna sér endurgjald, sem kæmi til frádráttar kröfum hans gagnvart stefnda. Þrátt fyrir að tekið væri trúanlegt að stefnandi hafi engin laun þegið, liggi fyrir að hann hafi starfað fyrir fasteignasölu en slík störf feli í sér að greiðslur berist ekki með reglulegum hætti. Þannig geti stefnandi hafa aflað sér tekna á umræddu tímabili án þess að fá fyrir það greitt sem nemi framlagi hans. Ljóst sé því að stefnandi hafi borið að draga þau laun, sem hann hafi unnið sér inn hjá umræddri fasteignasölu, frá kröfu sinni á hendur stefnda. Ljóst sé hins vegar að stefnandi hafi ekki fullnægt þeirri skyldu sinni og beri af þeim sökum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda eða til vara að lækka kröfuna. Stefnandi vísi hvað lagarök verði til ákvæða laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og meginreglna vinnu- og kröfuréttar. Þá byggji stefndi

einnig á dómafordæmum um sakarefnið sem og viðeigandi ákvæðum kjarasamninga. Málskostnaðarkrafa stefnda eigi sér stoð í 129. og 130. gr. laga, nr. 91/1991. Þá byggir stefndi á kjarasamningi VR við FÍS, Félags íslenskra stórkaupmanna (nú Félag atvinnurekenda).

Forsendur og niðurstaða

Stefnandi starfaði á vegum stefnda frá apríl 2010 til 29. desember 2012, þegar honum var sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Í uppsagnarbréfi stefnda, 29. desember 2012, er uppsögnin sögð „vegna trúnaðarbrests“. Óumdeilt er að ekki var óskað eftir vinnuframlagi stefnanda meðan á uppsagnarfrestinum stóð. Fyrir liggur að stefndi greiddi stefnanda laun, 1. febrúar 2012, fyrir janúarmánuð en hafnaði frekari launagreiðslum til stefnanda í uppsagnarfrestinum. Í málinu krefur stefnandi stefnda, með vísan til framangreinds þriggja mánaða uppsagnarfrests, um meintar eftirstöðvar launa í uppsagnarfresti og ennfremur ógreitt orlof og ógreidda desemberuppbót.

Eins og áður hefur verið rakið byggir stefndi sýknukröfu sína á þremur málsástæðum. Í fyrsta lagi sé krafa stefnanda grundvölluð á óskrifuðu réttarsambandi aðila en stefnandi geti ekki átt slíka kröfu þar sem til staðar sé skriflegur ráðningarsamningur. Ráðningarsamningurinn grundvalli lögskipti aðilanna og af þeim sökum beri stefnanda að reisa kröfu sína á viðkomandi skriflegum ráðningarsamningi. Slíkt hafi hins vegar farist fyrir og sé því réttargrundvöllur kröfunnar rangur. Jafnframt fari ráðningarsamningur aðila eftir ákvæðum kjarasamnings VR við FÍS, Félags íslenskra stórkaupmanna, sbr. 7. gr. ráðningarsamningsins en ekki kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og VM, félags vélstjóra og málmtæknimanna, eins og stefnandi byggir á. Stefnandi geti því ekki átt kröfu á þeim grundvelli, sem lagt sé upp með í stefnu.

Stefnandi andmælir framangreindri málsástæðu stefnda með þeim rökum að efni ráðningarsamnings þeirra sé óumdeilt og kröfugerð stefnanda í málinu ekki byggð á ákvæðum kjarasamnings.

Ágreiningur aðila snýst ekki um í hvaða formi ráðningarsamningur þeirra hafi verið. Skriflegur ráðningarsamningur aðila liggur fyrir í málinu og er ekki ágreiningur um efni hans. Kröfugerð stefnanda er ekki reist á kjarasamningi. Er því framangreindri málsástæðu, til stuðnings sýknukröfu stefnda, hafnað.

Stefndi byggir í öðru lagi á því að stefnandi hafi gerst sekur um svo alvarlegan trúnaðarbrest í starfi sínu hjá stefnda að hann hafi fyrirgert rétti sínum til launa á uppsagnarfresti. Stefnandi hafi brotið gegn almennum hegningarlögum með því, eins og fram komi í fyrirbyggjandi gögnum, að gefa viðskiptavini stefnda riflega afslætti gegn persónulegum ávinningi sínum af afslætti í fasteignakaupum. Ljóst sé að afslátturinn, sem stefnandi hafi veitt, hafi farið langt fram úr því umboði sem hann hafi haft. Hafi háttsemi stefnanda brotið í bága við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt ákvæðinu sé refsing lögð við umboðssvikum en þar komi fram að ef maður, sem fengið hafi aðstöðu til þess að

gera eitthvað, misnoti aðstöðu sína, varði það fangelsi allt að tveimur árum. Stefndi hafi nú þegar kært háttsemi stefnanda til embættis sérstaks saksóknara. Þá liggja einnig fyrir að stefnandi hafi valdið stefnda umtalsverðu tjóni með háttsemi sinni. Þar sem ljóst sé að stefnandi hafi brotið gróflega gegn skyldum sínum gagnvart stefnda, í formi umboðssvika, hafi réttur hans til launa í uppsagnarfresti fallið niður. Af þeim sökum beri að sýkna stefnda.

Af hálfu stefnda er á því byggt að stefnanda hafi ekki verið vikið úr starfi heldur sagt upp störfum. Með öllu sé ósannað að stefnandi hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi í starfi sínu hjá stefnda en hvað sem því líði eigi hann rétt til fullra launa í umsömdum þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Óumdeilt er að stefnanda var sagt upp störfum hjá stefnda með þriggja mánaða uppsagnarfresti en ekki vikið úr starfi vegna þeirrar meintu refsiverðu háttsemi, sem stefndi ber honum á brýn. Fyrir liggur að stefndi kærði stefnanda, 2. nóvember 2012, til embættis sérstaks saksóknara, vegna meintra brota gegn 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við aðalmeðferð málsins upplýsti lögmaður stefnda að af hálfu embættis sérstaks saksóknara hefði ekki verið talin ástæða til aðgerða af þessu tilefni og hafi kæranda verið tilkynnt sú ákvörðun bréflega. Fyrir liggur að stefndi sagði stefnanda skriflega upp störfum, 29. desember 2011. Í uppsagnarbréfinu er að sönnu tilgreint að stefnanda sé sagt upp störfum „vegna trúnaðarbrests“. Engin sönnun liggur fyrir í málinu um að stefnandi hafi brotið svo af sér í starfi sínu hjá stefnda að réttlætt hafi niðurfellingu laungreiðslna til hans 1. mars og 1. apríl 2012, vegna launa í febrúar og mars. Verður framangreindri málsástæðu stefnda því hafnað.

Stefndi byggir í þriðja lagi á því að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til frekari launa í uppsagnarfresti, með því að hefja störf hjá öðrum vinnuveitanda, en til vara eigi laun frá öðrum launagreiðanda eða reiknað endurgjald vegna starfa stefnanda í þágu annars vinnuveitanda, á uppsagnarfrestinum, að koma til frádráttar kröfum stefnanda í máli þessu. Jafnvel þótt ekki verði fallist á kröfu stefnda um sýknu á þeim grundvelli að réttur til launa í uppsagnarfresti sé niður fallinn vegna refsiverðra brota í starfi, verði að leggja til grundvallar að þegar stefnandi hafi hafið störf á nýjum vinnustað, hafi réttur hans til launa í uppsagnarfresti fallið niður. Launum í uppsagnarfresti sé í eðli sínu ætlað að brúa bilið, meðan launþegar, í framhaldi uppsagnar, leiti sér að nýrri vinnu. Samkvæmt meginreglum vinnuréttar og dómaframkvæmd Hæstaréttar sé ekki þörf á því að kveða á um það í uppsagnarsamningi að réttur til launa í uppsagnarfresti falli niður hefji launþegi störf annars staðar. Staðfest hafi verið að þegar launþegi hefji störf á nýjum vinnustað, falli réttur hans til launa í uppsagnarfresti niður. Af þeim sökum beri að sýkna stefnda af kröfu stefnanda en til vara sé á því byggt að laun stefnanda hjá þriðja aðila á uppsagnarfrestinum eigi að koma til frádráttar launakröfu stefnanda á hendur stefnda en engan slíkan frádrátt sé að finna í málalíbúnaði stefnanda. Óumdeilt sé að stefnandi hafi hafið störf hjá fasteignasölnunni RE/MAX Senter, 21. janúar 2012. Stefnandi hafi þó haldið því fram að réttur hans til launa í uppsagnarfresti hafi ekki fallið niður í ljósi þess að hann hafi ekki fengið nein laun og vísi í því samhengi til fyrirbyggjandi staðgreiðsluskrár. Sá málalíbúnaður stefnanda standist ekki enda hafi hann sannanlega, á uppsagnarfrestinum, starfað hjá fasteignasölnunni RE/MAX Senter og hafi því átt að reikna sér endurgjald fyrir þau störf og það átt að koma til frádráttar kröfum hans á hendur stefnda.

Af hálfu stefnanda er á það fallist að stefnda hefði verið heimilt að draga frá launagreiðslum til stefnanda, í uppsagnarfrestinum, þau laun sem hann hefði fengið frá öðrum. Hins vegar hafi stefnandi ekki fengið greidd laun frá öðrum meðan á uppsagnarfrestinum stóð. Hann hafi starfað sem sjálfstæður verktaki hjá RE/MAX Senter, hluta uppsagnarfrestsins, en ekki fengið greidda þóknun vegna þeirra starfa fyrir en í júní og júlí 2012, vegna sölu sem átt hafi sér stað á uppsagnarfrestinum.

Það er almenn regla á sviði vinnuréttar að hafi starfsmaður verið leystur undan vinnuskyldu í uppsagnarfresti, sé honum heimilt, meðan á uppsagnarfrestinum stendur, að hefja störf hjá öðrum vinnuveitanda, nema um annað sé sérstaklega samið. Þá er það ennfremur almenn regla á sviði vinnuréttar að vinnulaun sem starfsmaður aflar í uppsagnarfresti, hjá öðrum vinnuveitanda, eigi að koma til lækkunar á umsöndum launum í uppsagnarfrestinum, nema um annað sé samið, sbr. dóm Hæstaréttar á máli nr. 144/1996, í dómabindi réttarins 1997, bls. 580, og dóm Hæstaréttar í máli nr. 159/2002 í dómabindi réttarins 2002, bls. 2775. Í skýrslu stefnanda við aðalmeðferð málsins kom fram að hann hefði, meðan á umræddum uppsagnarfresti stóð, fengið verktakastarf hjá RE/MAX Senter, við sölu á fasteignum. Hafi hann fengið sölubóknun greidda í byrjun júlí, samkvæmt reikningum sem hann hafi sent RE/MAX Senter í lok júní, vegna sölu í mars og apríl. Ástæðan fyrir því hversu seint reikningurinn hafi verið sendur hafi verið að bókhaldskerfið hjá sér hafi legið niðri. Aðspurður sagði hann sér ekki hafa verið ljóst að laun hjá öðrum atvinnurekanda í uppsagnarfrestinum ættu að koma til frádráttar greiðslum frá stefnda, fyrir en honum hafi verið tjáð það af lögfræðingi sínum. Aðspurður kvaðst hann hafa skrifað tvo reikninga á Remax. Hafi annar reikningurinn verið upp á 200.000 krónur með virðisaukaskatti en hinn upp á 50.000 krónur auk virðisaukaskatts. Tekjurnar hafi myndast í mars og apríl, þóknun skv. hærri reikningnum í mars en þeim lægri í byrjun apríl. *Ástþór Reynir Guðmundsson*, framkvæmdastóri RE/MAX Senter gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Kvað hann stefnanda hafa byrjað að starfa hjá RE/MAX Senter, sem verktaki, 20. janúar 2012. Verktakar hjá RE/MAX Senter hafi fengið árangurstengdar þóknunir fyrir sölu. Stefndi væri með eina fasteign skráða sem selda og hlutdeild í annarri sölu. Sölnar hefði átt sér stað í febrúar og mars 2012 en hann myndi ekki nákvæma dagsetningar. Stefndi hefði framvísað tveimur reikningum í nafni Kæliafls ehf., vegna þessara viðskipta. Sölubóknunin hafi, eins og venja væri, verið greidd strax og reikningunum hefði verið framvísað.

Með hliðsjón af framangreindum framburði stefnanda og framkvæmdastjóra RE/MAX Senter liggur fyrir að stefndi aflaði tekna frá þriðja aðila, á meðan á umræddum uppsagnarfresti stóð. Þær tekjur bar honum, eins og áður hefur verið rakið, að draga frá kröfum sínum á hendur stefnda. Það hefur hann ekki gert. Þá hefur hann ekki upplýst nægilega hvenær umræddar sölu áttu sér stað. Hefur hann nefnt mars og apríl í þessu sambandi en framkvæmdastjóri RE/MAX Senter, febrúar og mars. Sú málsástæða stefnanda kom fram við aðalmeðferð málsins að miða bæri rétt stefnda til lækkunar við það hvenær umrædd þóknun hefði verið greidd en ekki hvenær réttur til hennar hefði stofnast. Stefndi mótmælti þessari málsástæðu við aðalmeðferðina með þeim rökum að miða bæri við hvenær réttur til þóknunar úr hendi RE/MAX Senter hefði stofnast en ekki hvenær stefndi hefði ákveðið að gefa út reikning á RE/MAX Senter fyrir sölubóknuninni. Fallist er á það með stefnda að miða beri, í þessu efni, við það tímamark þegar krafa til þóknunar stofnist en eins og áður er rakið bar framkvæmdastjóri RE/MAX Senter fyrir dómi

að söluþóknun væri greidd verktökum strax og sala væri frágengin og reikningi vegna hennar væri framvísað. Reifun málsins af hálfu stefnanda er, hvað framangreindan frádrátt frá stefnukröfum varðar, svo vanreifuð að dómur verður ekki lagður á kröfu hans um vangreidd laun í uppsagnarfresti. Verður að því virtu að vísa þeim þætti kröfugerðar hans frá dómi, án kröfu. Ekki er tölulegur ágreiningur um kröfur stefnanda vegna úppgerðs orlofs, orlofsuppbótar og desemberuppbótar. Þessi hluti kröfugerðar stefnanda er að höfuðstól samtals 567.983 krónur. Eins og áður er rakið greiddi stefnanda stefnda hinn 1. febrúar 2012, 966.594 krónur. Er sú greiðsla hærri en framangreind krafa stefnanda, að teknu tilliti til dráttarvaxta af henni frá 5. apríl 2012. Samkvæmt framangreindu verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda um greiðslu orlofs, orlofsuppbótar og desemberuppbótar. Með vísan til þeirrar niðurstöðu og 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnandi dæmdur til að greiða stefna málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 550.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Þórður S. Gunnarsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfu stefnanda, Óskars Þórs Sævarssonar, um vangreidd laun í uppsagnarfresti er vísað frá dómi, án kröfu. Stefndi, Johan Rönning hf., skal vera sýkn af öðrum kröfum stefnanda í máli þessu. Stefndi greiði stefnda 550.000 krónur í málskostnað.

Þórður S. Gunnarsson